



Vinnumarkaður óðum að ná fyrri styrk

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 210.500 manns hafi verið á vinnumarkaði í október 2021, sem jafngildir 79,1% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 198.900 starfandi og um 11.600 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 5,5% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 17.900 milli ára í október og atvinnulausum fækkaði um 5.700 á sama tíma. Hlutfall starfandi var 74,7% í október og hækkaði um 5,7 prósentustig frá október 2020. Allt eru þetta skýr merki um verulega sterkari vinnumarkað.

Atvinnuþátttaka á uppleið

Atvinnuþátttaka hefur aukist stöðugt á þessu ári og var 79,1% nú í október sem er 3,5 prósentustigum meira en í október í fyrra.

Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 78,4% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð stöðugt á árinu á þann mælikvarða.

Mismunandi mælingar á atvinnuleysi




Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 5,5% í október sem er 3,2 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnuálastofnun var hins vegar 4,9% í október og hafði minnkað um 5 prósentustig milli ára.

Sumar niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar sveiflast mikið eftir mánuðum.

Þannig var atvinnuleysi í október 2,7 prósentustigum hærra en í september. Hagstofan birtir einnig árstíðaleiðrétta tölur og samkvæmt þeim var atvinnuleysi í október 5,8% í stað þeirra 5,5% sem mæld voru í mánuðinum.

Vinnuaflsnotkun eykst eftir langvarandi samdrátt

Starfandi fólki í október fjölgaði um 9,9% miðað við sama tíma í fyrra. Vinnutími stýttist um 1,3% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 8,6% milli ára. Þetta er sjöundi mánuðurinn í röð sem við sjáum fjölgun heildarvinnustunda, en þeim





var tekið að fækka nokkru áður en faraldurinn brast á og tók svo að fjölga aftur í apríl á þessu ári.

Staða innflytjenda


Samkvæmt staðgreiðsluskrám voru um 199.700 manns starfandi í september sl., sem passar vel við niðurstöðu vinnumarkaðskönnunar fyrir október. Töluverðar sveiflur eru á milli mánaða og sé litið til meðaltals síðustu 12 mánaða höfðu um 191 þúsund manns verið á vinnumarkaði síðustu 12 mánuði, 157.400 Íslendingar og 33.400 innflytjendur. Innflytjendur höfðu því verið rúmlega 17% af vinnandi fólki síðustu 12 mánuði, en samsvarandi tala var rúmlega 19% seinni hluta ársins 2019, þegar hlutfall innflytjenda var í hámarki.

Í upphafi ársins 2006 voru innflytjendur rúmlega 7% af starfandi fólki. Myndin er dálítið öðruvísi þegar litið er til hlutfalls innflytjenda af atvinnulausu fólki. Í september í árhöfðu innflytjendur að meðaltali verið rúmlega 40% af þeim sem voru skráðir atvinnulausir síðustu 12 mánuði og hafði hlutfallið tvöfaldast frá seinni hluta ársins 2016. Í upphafi árs 2006 voru innflytjendur innan við 5% af skráðum atvinnulausum. Innflytjendur bera því meiri byrðar af atvinnuleysi en gildir um Íslendinga. Í upphafi ársins 2009 voru hlutfallslega jafn margir innflytjendur starfandi og á atvinnuleysissskrá. Síðan hefur hlutfall innflytjenda af atvinnulausu fólki hækkað verulega umfram fjölda þeirra á vinnumarkaði.


Sterkari vinnumarkaður

Tölur síðustu mánaða sýna ótvírætt að vinnumarkaðurinn er óðum að ná fyrri styrk. Þrátt fyrir endurtekin skakkaföll í baráttunni við faraldurinn er samt áfram ástæða til bjartsýni.

Atvinna og vinnutími - október 2021



Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.